



Afkoma fjórða ársfjórðungs 2021

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í afkomu fjórða ársfjórðungs 2021 (4F21) – arðsemi umfram arðsemismarkmið og spár greiningaraðila

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka nam 7,1 ma. kr. á fjórða ársfjórðungi (4F20: 3,5 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 14,2% á ársgrundvelli (4F20: 7,6%) sem er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans og spám greiningaraðila. Helstu ástæður góðrar afkomu eru sterk tekjumyndun, aðhald í rekstri, jákvæð virðisbreyting útlána og auknar tekjur af aflagðri starfsemi.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 4,7% á milli ára og námu 8,6 ma. kr. á 4F21 samanborið við 8,3 ma. kr. á 4F20. Hækkunin á milli ára skýrist af stækkun lánasafns bankans á árinu. Vaxtamunur nam 2,4% á 4F21 samanborið við 2,5% á 4F20.
- Hreinar þóknatekjur jukust um 27,5% á milli ára og námu samtals 3,7 ma. kr. á 4F21 samanborið við 2,9 ma. kr. á 4F20. Auknar tekjur í greiðslumiðlun, eignastýringu og fjárfestingarbanka sem og verðbréfavirðisbreytingum leiddu hækkunina.
- Bankinn leggur aðaláherslu á kjarnastarfsemi og á 4F21 námu vaxta- og þóknatekjur samanlagt 94% af rekstrartekjum samanborið við 92% á 4F20. Þessir tveir tekjuliðir jukust um 10,5% á milli 4F20 og 4F21.
- Hreinar fjármunatekjur námu 646 m.kr. á 4F21 samanborið við 783 m.kr. á 4F20. Jákvæðar virðisbreytingar verðbréfa mynda stóran hluta af hreinum fjármunatekjum á 4F21.
- Stjórnunarkostnaður nam 5,8 ma. kr. á 4F21 sem er lækkun um 5,0% frá 4F20 og má rekja til áframhaldandi hagræðingar í rekstri.
- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði á milli ára í 45,3% á 4F21, sem er í takt við 45,0% markmið bankans, úr 51,7% á 4F20, aðallega vegna sterkrar tekjumyndunar og hagkvæmari reksturs.
- Virðisrýrnun var jákvæð á 4F21 um 0,6 ma. kr. og skýrist helst af batnandi útliti í ferðaþjónustu. Á 4F20 var virðisrýrnun neikvæð um 1,8 ma. kr. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -0,23% á ársgrundvelli á 4F21 samanborið við 0,73% á 4F20.
- Hagnaður af aflagðri starfsemi til sölu var 1,1 ma. kr. á 4F21 samanborið við 173 m.kr. á 4F20. Hækkun milli ára skýrist af hagnaði dótturfélags af seldum eignarhlut sem og af sölu lands, sem hafði verið flokkað sem aflögð starfsemi.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 4,9 ma. kr. á fjórðungnum, eða um 0,5% og voru 1.086 ma. kr. í árslok 2021. Aukninguna má rekja til húsnæðislána.
- Innlán frá viðskiptavinum drógust saman um 10,4 ma. kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 eða um 1,4% eftir mikinn vöxt fyrr á árinu.
- Lausafjárstaða bankans er áfram sterk og öll lausafjárhlutföll vel yfir innri viðmiðum bankans og kröfum eftirlitsaðila.
- Eigið fé bankans nam 203,7 ma. kr. í lok árs 2021 og eiginfjárhlutfall bankans var 25,3%, samanborið við 23,0% í árslok 2020. Eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 var 21,3% í árslok 2021 samanborið við 20,1% í árslok 2020. Það er vel yfir uppfærðu markmiði bankans sem er ~16,5%.

Helstu atriði í afkomu ársins 2021 – viðsnúningur frá fyrra ári vegna aukinna tekna og jákvæðrar virðisrýrnunar

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka á árinu 2021 nam 23,7 ma. kr. (2020: 6,8 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 12,3% á ársgrundvelli samanborið við 3,7% fyrir árið 2020.



- Hreinar vaxtatekjur námu samtals 34,0 ma. kr. á árinu 2021 sem er hækkun um 2,0% á milli ára og skýrist af stærra lánasafni. Vaxtamunur fyrir árið 2021 var 2,4% samanborið við 2,6% á árinu 2020 þar sem voru að meðaltali lægri á árinu 2021.
- Hreinar þóknatekjur hækkuðu um 22,1% á milli ára og námu samtals 12,9 ma. kr. á árinu 2021. Vöxturinn dreifist nokkuð jafnt eftir liðum sem sýnir sterkan tekjugrunn.
- Hreinar fjármunatekjur námu 2,5 ma. kr. á árinu 2021 samanborið við tap árið 2020 að fjárhæð 1,4 ma. kr. þar sem markaðsaðstæður voru betri á árinu 2021.
- Stjórnunarkostnaður hækkaði um 2,0% á milli ára en hækkunina má aðallega rekja til einskiptiskostnaðar í tengslum við skráningu bankans eða um 521 m.kr. Launakostnaður jókst um 3,7% á árinu sem má rekja til kjarasamningshækkana, einskiptiskostnaðar vegna skráningar bankans og hærri kostnaðar vegna starfsloka.
- Kostnaðarhlutfall lækkaði verulega á milli ára, úr 54,3% árið 2020 í 46,2% árið 2021.
- Hrein virðisrýrnun á árinu 2021 var jákvæð um 3,0 ma. kr. samanborið við neikvæða virðisrýrnun að fjárhæð 8,8 ma.kr. á árinu 2020. Jákvæð virðisrýrnun er aðallega tilkomin vegna bjartari horfa í ferðapjónustu en á árinu 2020 var neikvæð virðisrýrnun tengd upphafi heimsfaraldurs COVID-19. Áhættukostnaður útlána var -0,28% á ársgrundvelli fyrir árið 2021 samanborið við 0,91% árið 2020.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 7,9% á árinu 2021, sem má að mestu rekja til aukinna umsvifa á húsnæðislánamarkaði.
- Í lok árs 2021 hafði hlutfall lána með laskað lánshæfi (vergt bókfært virði) lækkað í 2,0% úr 2,9% í lok árs 2020, aðallega vegna uppgreiðslu lána á stigi 3.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 64,6 ma. kr. á árinu 2021, eða 9,5%, sem má að mestu rekja til aukningar innlána hjá Viðskiptabanka en innlán jukust einnig hjá Einstaklingum.
- Vogunarhlutfall var 13,6% í lok árs 2021, óbreytt frá lok árs 2020.
- Tilskipun (ESB) 2014/59 um tapspols- og endurfjármögnunargetu fjármálafyrirtækja (BRRD I) var m.a. innleidd á Íslandi með lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (hér eftir lögin). Þann 8. desember 2021 birti Seðlabanki Íslands stefnu um ákvörðun lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL), sbr. 17. gr. laganna. Stefnan tilgreinir ekki endanlega MREL-kröfu niður á einstök fjármálafyrirtæki en setur fram aðferðarfræði skilavaldsins við útreikning kröfunnar og væntanlega tímalínu innleiðingar. Samkvæmt MREL-stefnunni stefnir skilavaldið að birtingu MREL-krafna fyrir íslensk fjármálafyrirtæki í byrjun árs 2022 og miðað við stöðuna í dag er útlit fyrir að bankinn muni uppfylla MREL vel umfram kröfur. Undirskipan (e. subordination requirement) samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/879 um tappols- og endurfjármögnunargetu fjármálafyrirtækja (BRRD II) hefur ekki verið skilgreind en tekið er fram að undirskipan muni verða skilgreind við innleiðingu BRRD II í íslensk lög. Líkt og í öðrum löndum Evrópu er líklegt að lokafrestur til að uppfylla endanlega MREL kröfu verði frá og með janúar 2024.
- Samhliða birtingu ársreiknings fyrir árið 2021 birtir bankinn árs- og sjálfbærnisráskýrslu, áhættuskýrslu (e. Pillar 3 Report) ásamt áhrifaráskýrslu fyrir sjálfbæran fjármálaramma bankans.

Uppfærð fjárhagsmarkmið

- Stjórn Íslandsbanka samþykkti uppfærð fjárhagsmarkmið á 4F21 í ljósi góðrar afkomu og hærra vaxtaumhverfis.



Fjárhagsmarkmið	Uppfærð markmið	Fyrri markmið
Arðsemi eigin fjár	>10%	8-10% fyrir 2023, >10% langtíma
Kostnaðarlutfall	<45%	<45% fyrir 2023
Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	~16,5%	>16%, Eiginfjárlutfall: 18,3-19,8%
Arðgreiðslulutfall	óbreytt	~50%

- Eftir því sem íslenska hagkerfið tekur við sér gerir bankinn ráð fyrir því að lánasafnið og þóknatekjur vaxi í takt við verga landsframleiðslu og aukin umsvif í efnahagskerfinu. Þrátt fyrir að búist sé við að arðsemi bankans verði á bilinu 8–10% á árinu 2022 þá mun rísandi hagkerfi, hækkandi vaxtaumhverfi og kostnaðaraðhald styðja við markmið bankans um 10% arðsemi til millilangs tíma. Ef áhættukostnaður útlána verður um 30 punktar (0,30%) gæti arðsemi á árinu 2022 orðið við lægri mörk arðsemisbils. Búist er við að kostnaðarlutfall verði stöðugt á bilinu 45–50% á árinu 2022.

Bestun efnahagsreiknings, arðgreiðsla og endurkaup

- Stjórn Íslandsbanka mun leggja til 11,9 ma. kr. arðgreiðslu við aðalfund bankans sem er í samræmi arðgreiðslustefnu bankans.
- Stefnt er að því að greiða út umfram eigið fé eiginfjárlutfall almenns þáttar 1, sem metið er á um 40 ma. kr. að frádreginni arðgreiðslu, á næstu 12–24 mánuðum. Stjórn bankans mun leggja til við aðalfund kaup á eigin bréfum að fjárhæð 15 ma. kr. á næstu mánuðum að gefnu samþykki Seðlabanka Íslands. Þrír kostir koma til greina og eru til skoðunar: endurkaupaáætlun (e. share buyback program), endurkaupatilboð (e. tender offer) eða þátttaka í hlutasölu (e. block sale participation).

Lykiltölur

		4F21	4F20	2021	2020	2019
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	7.092	3.525	23.725	6.755	8.454
	Arðsemi eigin fjár	14,2%	7,6%	12,3%	3,7%	4,8%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,4%	2,5%	2,4%	2,6%	2,7%
	Kostnaðarlutfall ¹	45,3%	51,7%	46,2%	54,3%	58,8%
	Áhættukostnaður útlána	(0,23%)	0,73%	(0,28%)	0,91%	0,39%
		31.12.21	30.9.21	30.6.21	31.12.20	31.12.19
ERNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.086.327	1.081.418	1.089.723	1.006.717	899.632
	Eignir samtals, m.kr.	1.428.821	1.456.372	1.446.860	1.344.191	1.199.490
	Áhættuvegnar eignir, m.kr.	901.646	917.764	924.375	933.521	884.550
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	744.036	754.442	765.614	679.455	618.313
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	146%	143%	142%	148%	145%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ²	2,0%	2,0%	2,1%	2,9%	3,0%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	122%	121%	122%	123%	119%
	Lausafjárlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	156%	225%	187%	196%	155%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	203.710	197.381	190.355	186.204	180.062
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	21,3%	20,6%	20,1%	20,1%	22,4%
	Eiginfjárlutfall þáttar 1	22,5%	21,8%	20,1%	20,1%	19,9%
	Eiginfjárlutfall	25,3%	24,7%	22,9%	23,0%	22,4%
	Vogunarlutfall	13,6%	13,2%	12,4%	13,6%	14,2%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta – einskíptisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskíptisliðir).

2. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Fjórði ársfjórðungur var góður í rekstri Íslandsbanka og með honum ljúkum við ánægjulegu og viðburðarríku ári 2021. Hlutabréf bankans voru tekin til viðskipta í júní og markaði það upphaf á nýjum kafla í rekstri bankans. Áframhaldandi ráðstafanir bankans vegna COVID-19 og útsjónarsemi starfsfólks bankans í þjónustu við viðskiptavinum, í síbreytilegum og krefjandi aðstæðum, stóðu einnig upp úr á árinu.

Á fjórðungnum nam hagnaður bankans 7,1 ma. kr. og arðsemi var 14,2% sem er umfram markmið bankans og væntingar markaðsaðila. Á árinu 2021 nam hagnaðurinn 23,7 ma. kr. og arðsemin 12,3%. Tekjur bankans á fjórðungnum hækkðu um 8,8% frá fyrra ári og þar af hækkðu hreinar þóknatekjur um 27,5% milli ára. Áframhaldandi hagræði í rekstri á fjórðungnum leiddi til lækkunar á kostnaði um 5% frá fyrra ári og raunlækkunar um 9,4%. Kostnaðarhlutfall var við markmið bankans, 45%. Á fjórðungnum hækkaði jákvæð virðisbreyting útlána, sem nam 0,6 ma. kr., og tekjur af aflagðri starfsemi, sem nam 1,1 ma. kr., hagnað bankans. Útlán til viðskiptavina jukust um 4,9 ma. kr. á fjórðungnum eða um 7,9% á árinu 2021. Aukningin var að mestu tilkomin vegna húsnæðislána en þeir viðskiptavinir nutu lægri kjara á árinu þar sem bankinn gat boðið enn samkeppnishæfari vexti í kjölfar vaxtalækkana Seðlabankans á árinu 2020. Innlán frá viðskiptavinum jukust um 9,5% á árinu 2021.

Sjálfbærar lánveitingar jukust um 134% á árinu og nema nú 6% af heildarútlánnum bankans. Okkar stærsta tækifæri sem hreyfiafl til góðra verka felst í að styðja við viðskiptavinum okkar á sjálfbærnivægferð þeirra og fjármagna vegferðina að kolefnishlutleysi. Sú staðreynd að fjármagnaður útblástur árið 2020 var 360 sinnum hærri en útblástur frá rekstri bankans undirstrikar þetta. Við höfum sett okkur skýr markmið fyrir árið 2022 að auka hlutdeild sjálfbærra lána og munum einnig kynna opinberlega staðfest vísindaleg markmið heildarútblásturs til skamms og meðallangs tíma.

Við höfum lagt okkur fram um að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Á árinu var bankinn meðal annars með mestu veltu á skuldabréfamarkaði, hæstu ávöxtun hlutabréfasjóðs og leiðandi í fyrirtækjaráðgjöf. Jafnframt hafa fyrirtæki í viðskiptum við Íslandsbanka endurtekið mælst ánægðustu viðskiptavinirnir meðal samkeppnisaðila í þjónustukönnunum og á einstaklingshliðinni eru yfir 90% viðskiptavina með húsnæðislán ánægð með þjónustu bankans.

Síðustu misseri höfum við unnið markvisst að því að besta efnahagsreikning bankans og á aðalfundi, sem haldinn verður í mars næstkomandi, munum við óska eftir samþykki hluthafa til að hefja útgreiðslu umfram eiginfjár samhliða árlegri arðgreiðslu í samræmi arðgreiðslustefnu bankans. Við erum spennt fyrir árinu 2022, frekari sölu á eignarhlut ríkisins í bankanum og tækifærunum sem framundan eru með viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum.

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstrarafkomu 4F21 má finna í **enskri útgáfu** fréttatilkynningar. Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, skal enska útgáfan gilda.



FJÁRFESTATENGLS

Vefstreymi föstudaginn 11. febrúar 2022

Íslandsbanki mun halda afkomufund/vefstreymi föstudaginn 11. febrúar kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Birna Einarsdóttir, bankastjóri og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á fjórða ársfjórðungi. Fundurinn fer fram á ensku.

Skráning á fundinn fer fram [á þessari síðu](#). Upptaka af fundinum verður aðgengileg á heimasíðu fjárfestatengsla að honum loknum.

Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar í gegnum eftirfarandi símanúmer:

Ísland	+354 800 74 37
Danmörk:	+45 354 45 577
Svíþjóð:	+46 8 566 42 651
Noregur:	+47 235 00 243
Bretland:	+44 33 330 00 804
Bandaríkin:	+1 631 913 1422

Aðgangskóði: 97538113#

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs á neðangreindum dagsetningum

Aðalfundur – 17. mars 2022

Árshlutauppgjör 1F22 – 5. maí 2022

Árshlutauppgjör 2F22 – 28. júlí 2022

Árshlutauppgjör 3F22 – 27. október 2022

Vinsamlega athugið að dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á heimasíðu fjárfestatengsla þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögnul tímabil eru einnig aðgengilegar:

<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/fjarfestatengsl>

Bankinn birtir árs- og sjálfbærnisráskýrslu og áhættuskýrslu (e. Pillar 3 Report) á sama tíma og ársreikning fyrir árið 2021 sem og áhrifaráskýrslu fyrir sjálfbæran fjármálaramma bankans:

<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/ars-og-sjalfbaerniskyrsla-islandsbanka-2021>